



Fyrsta opinberun Múhameðs

Þó að Múhameð væri hamingjusamur og vel efnaður verslunarmaður í Mekku þá var hann mjög leitandi. Hann sá græðgina og ofbeldið sem var ríkjandi og þá helst í garð þeirra sem minna máttu sín. Smá saman dró Múhameð sig meira og meira í hlé. Hann fór að venja komu sína í helli rétt fyrir utan Mekku þar sem hann sat og hugleiddi hvernig hann gæti farið að því að bæta ástandið í samfélaginu. Stundum fannst honum hann heyra raddir en hann sá aldrei neinn.



Þegar Múhameð var um fertugt gerðist ótrúlegur atburður. Bjarmi fyllti hellinn og skuggi af engli birtist fyrir framan hann og rétti honum léreft sem skrifað var á og sagði honum að lesa. Múhameð var ekki læs svo hann sagði englinum að hann gæti ekki lesið. Tvisvar rétti engillinn honum léreftið og sagði honum að lesa. Skyndilega skildi Múhameð það sem þar stóð skrifað. En hann varð hræddur og hljóp út úr hellinum. Að baki sér heyrði hann kallað á sig og hann snéri sér við. Engillinn kallaði til hans og sagði: „Múhameð ekki vera hræddur. Þú ert sendiboði Guðs og ég er engillinn Gabríel“. Múhameð hljóp heim til sín skjálfandi af hræðslu. Hann sagði Khadiju frá því sem hafði gerst og hún vissi að það var satt.

Uppfrá þessu breyttist líf Múhameðs því Guð hafði gert hann að spámanni sínum. Fyrstu þrjú árin sagði hann eingöngu fjölskyldu sinni og nánustu vinum frá opinberuninum en eftir það hóf hann að predika orð Guðs opinberlega. Predikunum hans var þó ekki alls staðar vel tekið. Enda voru þær í andstöðu við ríkjandi trúarbrögð og pólitíska peningastefnu í þjóðfélaginu. En Múhameð þjónaði Guði og fræddi fólkið um það hvernig það ætti að lifa samkvæmt vilja Guðs.

Gabríel birtist Múhameð mörgum sinnum með skilaboð. Skilaboðin sem hann flutti voru orð

Guðs sem Múhameð endursagði vinum sínum. Múhameð var hvorki læs né skrifandi en sumir vinir hans skrifuðu niður það sem hann sagði til að varðveita skilaboðin. Seinna var þessum skilaboðum safnað saman í eina bók sem nefnist Kóraninn.

Nóttin sem Múhameð fékk fyrstu opinberun sína nefnist nótt máttarins og er haldin hátíðleg á 27. degi hitamánaðar (ramadhan). Hægt er að lesa meira um nótt máttarins í kaflanum: Hátíðir > Ramadhan og

föstuendahátíðin.

Englar eru himneskar verur eða góðir andar.

Spámenn guðs eru menn sem eru sérstakir sendiboðar Guðs til mannfólksins, samkvæmt gvðingdómi, kristni og íslam.



Spurningar

1. Hvaða álit heldur þú að Múhameð hafi haft á samfélaginu sem hann bjó í? Hvers vegna?
2. Hvers vegna ætli Múhameð hafi ekki verið læs?
3. Hvers vegna heldur þú að Múhameð hafi getað lesið það sem engillinn færði honum?
4. Úr hverju er Kóraninn samsettur?
5. Hvaða hátíð er haldin til að minnast fyrstu opinberunnar Múhameðs?